



Hugvitið er næsta stórvirkjun þjóðarinnar

Samhljómur í stefnu stjórnvalda og hugverkaiðnaðar

Fulltrúar tækni- og hugverkafyrirtækja, stuðningsaðilar og alþingismenn sóttu Tækni- og hugverkabing 7. október undir kjörorðinu „Nýsköpun – uppspretta verðmæta.“

Á þinginu var fjallað um stöðu og starfsskilyrði tækni- og hugverkafyrirtækja hér á landi og hvernig stjórnvöld, stoðkerfi og atvinnulíf geta unnið saman að því að koma á nauðsynlegum umbótum.

Í aðdraganda Tækni- og hugverkabings 2011 var mótuð ný stefna og skilgreind áherslurkefni til næstu fimm ára sem kynnt voru á þinginu.

Hugvitið er næsta stórvirkjun þjóðarinnar

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, sagði stjórnvöld gegna lykilhlutverki hvað varðar rannsóknir og þróun. Með fækkun og sameiningu sjóða og einföldun yfirbyggingar næðist mikilsverður áfangi og aukin áhersla yrði lögð á faglega úthlutun fjármagns. Fyrirliggjandi úttektir á Tækniþróunarsjóði sýndu að það væri samfélagslega arðbær fjárfesting að auka framlög til sjóðsins. Þá væri nauðsynlegt

að fjárfesta í menntun, enda um 30% þjóðarinnar án framhaldsskólamenntunar og þar er sérstaklega slagsíða er varðar iðn- og tæknimenntun. Markmiðið væri að hér verði til fjölbreytt og vel launuð störf sem standast alþjóðlegan samburð og að ungir Íslendingar þurfi aldrei að velkjast í vafa um að framtíð þeirra er best borgið á Íslandi. Hugvitið ætti að verða okkar næsta stórvirkjun.

Áhersla á nýsköpun og rannsóknir

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrekktor vísinda og kennslu við Háskóla Íslands sagði m.a. að áhersla á nýsköpun og grunnrannsóknir færi vel saman enda væru öflugar grunnrannsóknir sem standast strangar alþjóðlegar gæðakröfur ein lykilforsenda nýsköpunar.

framhald á bls. 5

Myllan hlýtur Fjöreggið

Fjölmenni sótti Matvæladag MNÍ. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var heilsutengd matvæli og markfæði. Fjölmargir félagsmenn SI héldu þar erindi um íslenska vöruþróun, framleiðslu, rannsóknir og markaðssetningu vara sem taldar eru hafa góð áhrif á heilsu manna. Dagskráin var löng og afar fjölbreytt en upp úr stendur að miklir möguleikar felast í nýtingu innlendra hráefna af landi og úr sjó.



Orrri Hauksson, framkvæmdastjóri SI og formaður dómnefndar, afhendir Pétri Smára Sigurgeirssyni og Iðunni Geirsdóttur frá Myllunni Fjöregg MNÍ

framhald á bls. 3.

bls. 2

Skattar draga ekki úr offitu

bls. 3



Borgarplast Farsæl 40 ár

bls. 4



Hárkeppni hjá MH á Akureyri

bls. 5



Eyjablíkk og Litamálun D vottuð

bls. 8

Dómur Hæstaréttar um fjármögnunarleigu-samninga ekki virtur

Skattar draga ekki úr offitu

Fregnir af að Íslendingar séu orðin næst feitasta þjóðin á Vesturlöndum hafa enn á ný vakið upp hugmyndir um sértæka skattlagningu á „óhollar“ matvörur. Slík skattlagning er margreynd og virðist ekki skila tilætluðum árangri í baráttunni við aukakíló landsmanna. Hins vegar hefur sértæk skattlagning alvarleg, neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslensks matvælaíðnaðar og atvinnu mörg hundruð manna.

Ósanngjörn skattlagning

Samtök iðnaðarins hafa alla tíð barist gegn vörugjöldum sem voru fyrst lögð á til bráðabirgða fyrir 40 árum. Auk þess að skekkja samkeppnisstöðu milli fyrirtækja hefur tvöfalt skattkerfi af þessu tagi mikið og óþarft skrifræði í för með sér ásamt þeim kostnaði sem skrifræðinu fylgir bæði fyrir framleiðendur og hið opinbera sem innheimtir gjöldin. Það var Samtökunum því mikið fagnaðarefni þegar vörugjöld voru loks felld niður af stærstum hluta matvæla árið 2007. Það reyndist þó skammgóður vermir. Strax eftir hrun, þegar ljóst varð að ríkissjóður þarfnaðist aukinna fjármuna, var ákveðið að taka aftur upp sérstaka skatta á matvælaframleiðendur sem sjá landanum fyrir sóðavatni, ávaxtasafa, kexi, súkkulaði og gosdrykkjum. Stjórnvöld beittu fyrir sig umhyggjusamri neyslustýringu og kölluðu nýja skattinn sykurskatt.

Gamla vörugjaldskerfið var endurvakið á miðju ári 2009 og kerfið sem var lagt niður árið 2007 tekið upp að nýju nema hvað skattaálagið var tvöfaldað. Skattlagningin hefur þó lítið með sykur að gera því að fjölmargar vörur, sem eru ýmist algjörlega sykurlausar, s.s. sóðavatn, eða hafa hverfandi sykurrinnihald,

voru skattlagðar meðan stórir flokkar sætrar vöru voru undanþegnir vörugjaldinu.

Skattar af þessu tagi eru lagðir á undir því göfuga yfirskinu að bæta lýðheilsu en markmiðið er í raun fyrst og fremst að stoppa í fjárlagagatið. Enda gera stjórnvöld aldrei ráð fyrir breytingu á neyslu þegar tekjur af skattinum eru reiknaðar þótt yfirlýst markmið með honum hafi verið að draga úr neyslu á viðkomandi vöruflokki eða fæðutegund.

Samtök iðnaðarins hafa ítrekað bent á að unnt sé að fara einfaldari og sanngjarnari leiðir ef ætlunin er að ráðast gegn sykurneyslu með skattheimtu. Einfaldasta leiðin til þess væri að leggja skatt á allan sykur sem fluttur er til landsins í hvaða formi sem er. Þannig væri tekist á við sykurrinn sjálfan án mismununar milli innlendra framleiðenda og vöruflokka annars vegar og milli innflutnings og innlendarar framleiðslu hins vegar.

Lausnin felst í víðtæku samstarfi

Offita er vaxandi vandamál, um það er ekki deilt. En vandamálið er margþætt og þess eðlis að margir ólíkir aðilar þurfa að vinna saman að úrbótum. Þar má nefna stjórnámálamenn, bæði á landsvísi og sveitarstjórnarmenn, heilbrigðisstéttir, sérfræðinga á sviði matvæla og næringar, íþróttafélög og aðrar tólmstundastofnanir, neytendasamtök, skóla, kennara og foreldra. Aðeins með samstilltu átaki og sátt þeirra sem hlut eiga að máli má gera sér vonir um að ná árangri.

Matvælaframleiðendur hvorki vilja né geta axlað alla ábyrgð af ofneyslu þjóðarinnar en eru hins vegar boðnir og búnir að leggja sitt af mörkum til



Ragnheiður Héðinsdóttir
matvælafræðingur SI

baráttunnar, t.d. með framleiðslu fitu-, sykur- eða saltskertra matvæla.

Hófsemi og reglubundin hreyfing vænlegri en neyslustýring

Sú skoðun nýtur vaxandi fylgis að heildarsamsetning mataræðis skipti mun meira máli en samsetning einstakra fæðutegunda og aðalatriðið er magnið sem menn neyta. Hreyfing er líka sterkur áhrifaþáttur. Hófsemi og skynsamlegt hlutfall milli neyslu og hreyfingar eru leiðin til árangurs.

Landlækni og embættismönnum á hans vegum er vel treystandi til að gefa góð ráð varðandi heilbrigði og meta alvarlegar afleiðingar ofeldis. En læknar eru ekkert endilega vel til þess fallnir að leggja mat á áhrif skattlagningar á framboð og eftirspurn eftir sykrudum vörum – ekki frekar en hagfræðingar að leggja mat á áhrif gosneyslu á tannskemmdir. Það er líffræðileg staðreynd að ofeldi okkar stafar af því að við neytum meiri matar en við þurfum. Það er hins vegar hagræn staðreynd að sértækir sykureða fituskattar munu hafa skaðleg áhrif á íslenskan matvælaíðnað.

Offita er víðtækur vandi, ekki síst félagslegur og hugarfarslegur. Menn verða að þora að viðurkenna það ef þeir vilja raunverulega taka á honum.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Farsæl fjörutíu ár

Borgarplast 1971 - 2011



Árið 1971 stofnuðu sjö ungir menn, Allir fæddir í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum, Borgarplast í Borgarnesi. Í dag eru eigendurnir ennþá sjö, þar af eru fimm upphaflegir stofnendur.

Starfsemin hófst á framleiðslu einangrunarplasts í 200 m² leiguhúsnæði að Þórólfs-götu 7 í Borgarnesi. Á árunum 1974–1980 stundaði Borgarplast talsverða byggingarstarfsemi og byggði fjölbýlishús í Borgarnesi, íbúðarhús og verksmiðjuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var byggt 2000 m² verksmiðjuhús undir frauðplastframleiðsluna að Sólbakka 6 í Borgarnesi sem fyrirtækið flutti starfsemi sína í árið 1979.

Árið 1983 var stofnuð hverfisteypudeild að Vesturvör 27 í Kópavogi og framleiðsla hafin á fiskikerum og vörubrettum úr plasti. Í Kópavogi var fljótlega farið að framleiða vörur í svokallaðri „grænni línu“. Í þeirri vörulínu voru ýmsar vörur fyrir fráveitulagnir eins og brunnar, rotþrær, skiljur og geymar. Einnig voru framleidd flotholt úr einangrunarplasti og trefjasteypu og sett upp flotbyggja fyrir Kópavogsbæ.

Árið 1990 byrjaði Borgarplast að framleiða fiskikassa úr frauðplasti og keypti til þess nýjan vélbúnað. Í apríl 1996 hófst bygging á 1000 m² viðbótarhúsnæði við Sefgarða 3a og lauk framkvæmdum í júlí.

Flutningasögu Borgarplasts var ekki lokið. Í byrjun árs 2007 var frauðplastdeildin flutt úr Borgarnesi að Völuteigi í Mosfellsbæ. Í lok næsta árs var svo hverfisteypudeildin flutt frá Seltjarnarnesi í Mosfellsbæ og þar með var allt fyrirtækið sameinað í alls 6000 m² byggingum á einni 15.000 m² lóð.

Borgarplast hefur alla tíð verið með öflugt þróunarstarfi og nýjar vörur litið dagsins ljós. Á fyrri hluta þessa árs var nýtt ker sett á markað og er það aðallega ætlað fyrir kjötmarkaðinn. Nýjasta framleiðsluvaran, kræklingaflotholt, var kynnt á sjávarútvegssýningunni í september.

Viðurkenningar



Borgarplast hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir starfsemi sína og má nefna Kuðunginn, umhverfisvið-

urkenningu Umhverfisráðuneytisins, Varðbergið, viðurkenningu Tryggingamiðstöðvarinnar fyrir framúrskarandi forvarnarstarf og umhverfisverðlaun Mosfellsbæjar fyrir sérstaka áherslu á umhverfismál og snyrtilegt umhverfi.

Gæða- og umhverfisstjórnunarstefna

Stefna Borgarplasts hefur ávallt verið sú að framleiða gæðavörur og þjóna viðskiptavinum sínum sem best. Í dag eru fjórir vöruflokkar vottaðir, þ.e. einangrunarplast, rotþrær, olíu- og fituskiljur. Unnið er að CE-vottun á fleiri vöruflokkum. Framleiðsluvörur fyrirtækisins njóta virðingar vegna góðrar hönnunar og vöruvöndunar, sem ekki síst má þakka áherslu á rekstur gæðakerfis samkvæmt alþjóðlegum staðli. Þá hefur Borgarplast verið í fararbroddi með áherslur sínar á umhverfismál. Þar kemur bæði til umhverfisstjórnunarkerfið, sem nú hefur verið rekið í meira en áratug, og einnig framleiðsluvörur sem stuðla að hreinna og betra umhverfi fyrir alla.

Myllan hlýtur fjöreggið

framhald af forsíðu

Margir frummælendur kölluðu á aukid samstarf fyrirtækja, fagsviða og samstarf iðnaðar, rannsókna og menntakerfis. Í því felast mikil samlegðar-áhrif.

Í upphafi ráðstefnunnar afhenti formaður dómnefndar, Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, Myllunni Fjöregg MNÍ. Fjöreggið er verðlaunagripur, sem Gler í Bergvík hannaði og er veittur hvern Matvæladag fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla eða næringar. SI hafa gefið gripinn frá upphafi.

Fimm tilnefningar fengu sérstaka umfjöllun þar eð þær þóttu skara fram úr fjölda ábendinga sem dómnefnd bárust.

Myllan var tilnefnd fyrir framleiðslu og markaðssetningu á trefjaríkum samlokubrauðum. Trefjaneysla á Íslandi er mun minni en ráðlagt er en brauð er meðal bestu trefjagjafa sem völ er á.

Niðurstaða dómnefndar varð sú að Myllan væri verðugur handhafi Fjöreggsins í ár. Myllan hefur unnið markvisst að því að auka framboð trefjaríkra brauða á markaði hérlendis og veitt gott innlegg í neikvæða umræðu um brauð. Þá fylgir Myllan framsækinni heilsustefnu sem felst m.a. í að draga úr notkun á salti, sykri og mettaðri fitu í afurðum fyrirtækisins.

Aðrir tilnefndir:

Biobú ehf. fyrir brautryðjendastarf við að framleiða og markaðssetja lífrænar mjólkurvörur.

Mjólkursamsalan var tilnefnd fyrir Hleðslu sem er ný íslensk drykkjarvara með ríku próteininnihaldi.

Icelandic Glacial rekur vatnsverksmiðju í Þorlákshöfn en verksmiðjan er grunnur að metnaðarfullu útflutningsverkefni á íslensku vatni.

Prúður Gunnarsdóttir, sálfræðingur, var tilnefnd fyrir rannsókn á fjölskyldu-meðferð fyrir of feit börn í doktorsverkefni sínu.

Samtök iðnaðarins óska Myllunni og öðrum tilnefndum hjartanlega til hamingju með viðurkenninguna.



Stefnumót og upplýsingafundur var haldinn á Grand hóteli 19. september

...um tækifæri til nýsköpunar á menntasviði...

Á fundinum var ný markáætlun Tækniþróunarsjóðs um klasasamstarf á menntasviði kynnt, fyrirtækjum gefin kostur á að koma á framfæri hugmyndum að fjölbreyttum lausnum á menntasviði og menntastofnunum gefið tækifæri til að kynna þarfir fyrir nýsköpun á menntasviði.

Orri Hauksson fjallaði um mikilvægi þess að leiða saman menntakerfi og atvinnulíf til að bregðast við þörfum atvinnulífsins fyrir starfsfólk með tiltekna menntun og hæfni.

Ólafur Andri Ragnarsson sagði frá því hvernig leikjamening hefur þróast í heiminum. Tækifæri fyrir fyrirtæki og menntastofnanir til nýsköpunar felist í að nýta leikjahugmyndfræðina á öllum þessum sviðum.

Vilborg Einarsdóttir gerði grein fyrir samstarfi Mentors við skóla og sveitarfélög hér á landi sem erlendis. Vilborg telur tækifærin liggja í lausnum sem fullnægja þörfum, fjármagni sem er nýtt betur, stöðugri endurgjöf og betri vöru.

Ari K. Jónsson fjallaði um þá sýn sem hann hefur á menntaklasa hér á landi og

felur í sér hvernig atvinnulífið ætti að vera virkur þátttakandi í klasanum sem hefði það hlutverk að móta heildstæða stefnu menntakerfisins til framtíðar.

Hilmar V. Pétursson talaði um samspil þarfa atvinnulífs og skóla. Hann telur stjórnvöld þurfa að ákveða hvaða greinar beri að leggja áherslu á og byggja upp gæðanám í þeim í stað þess að reyna að gera öllum greinum jafn hátt undir höfði.

Í fundarlok skýrði Davíð Lúðvíksson nánar frá því hvernig SI gæti aðstoðað menntastofnanir með skilgreindar þarfir og fyrirtæki með lausnir við að finna samstarfsaðila.

Að loknum erindum kynntu jafnframt níu fyrirtæki forvitnilegar hugmyndir á lausnum og/eða þörfum í menntakerfinu.

Alls tóku 50 manns þátt í fundinum og verður áhugavert að sjá hversu margar umsóknir skila sér til Tækniþróunarsjóðs en umsóknafrestur í markáætlunina, klasasamstarf á þremur sviðum „betri lausnir fyrir minna fé“ er til 1. nóvember. Nánari umfjöllun á www.si.is.



Nýjar reglur um eftirlit með matvælum úr dýraafurðum taka gildi 1. nóvember

Ný löggjöf um hollustuhætti og eftirlit með matvælum og fóðri á evrópska efnahagssvæðinu tók gildi á Íslandi 1. mars 2010. Við það fluttist eftirlit með kjötvinnslum og mjólkurbúum frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Matvælastofnunar. Sá hluti löggjafarinnar sem snýr að búfjárafurðum tekur gildi 1. nóvember. Markmið nýrrar löggjafar eru meðal annars að tryggja rekjanleika matvæla og fóðurs og að afurðir á markaði uppfylli sömu gæða- og heilnæmiskröfur óháð uppruna vörunnar. Löggjöfin fjallar bæði um almenn grundvallaratriði, hollustuhætti, byggingar, búnað og innra eftirlit.

Matvælastofnun hefur haldið fræðslufundi fyrir stjórnendur matvæla- og fóðurfyrirtækja og gefið út fræðsluefni um ýmis ný eða breytt ákvæði í löggjöfinni eins og um ábyrgð framleiðanda, samþykkisnúmer, auðkennismerki, rekjanleika og innra eftirlit. Fræðsluefnið er hægt að finna á vef stofnunarinnar, www.mast.is.

Matvælastofnun vinnur nú því að því að meta og flokka fyrirtæki m.t.t. þeirra krafna sem gerðar eru til framleiðenda fóðurs- og dýraafurða til að þeir fái samþykkisnúmer og áframhaldandi starfsleyfi. Þegar sú flokkun liggur fyrir mun stofnunin benda hverju fyrirtæki á þær breytingar sem þarf að framkvæma og geta fyrirtækin þá útbúið áætlun um úrbætur í samráði við stofnunina.



Félag hársnyrtímeistara á Norðurlandi stóð fyrir hárkeppni á Glerártorgi 8. október. Keppt var í í tiskulínu dömu, tiskulínu herra og uppgreiðslu.

Fjölmargir tóku þátt og voru úrslit eftirfarandi: **Tískulína dömu**, Jana Rut Friðriksdóttir (Zone), Sveinbjörg Jana Aðalsteinsdóttir (Hárkompan), Ivan Mendéz (Medulla), **Tískulína herra**, Erla Heiður Tryggvadóttir (Amber), Anika Lind Björnsdóttir (Medulla), Hafdís Þorbjörnsdóttir (Medulla) **Uppgreiðsla**, Sveinbjörg Jana Aðalsteinsdóttir (Hárkompan), Ivan Mendéz (Medulla) Heiðís Austfjörð (Amber), Hafdís Þorbjörnsdóttir (Medulla), Jana Rut Friðriksdóttir (Zone)

Samtök iðnaðarins óska þeim til hamingju með árangurinn.

Á myndinni má sjá alla keppendur.



Framhald af forsíðu

Hugvitið er næsta stórvirkjun þjóðarinnar

Háskólinn muni á næstu árum fjölga sprotafyrirtækjum sínum, einkaleyfisum-sóknum og samningum við fyrirtæki um hagnýtingu, en mörg sprotafyrirtæki hafi verið stofnuð innan HÍ.

Verðmætasköpun byggð á þekkingarauðlindum

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins svaraði í sínu erindi spurningunni – Hvað er tækni- og hugverkaíðnaður og hvernig hann tengdist öðrum atvinnugreinum. Hann sagði m.a. að hugverkafyrirtæki byggðust á hugverki á grunni nýsköpunar, þróunar, tækni, hönnunar, sérstöðu eða tengsla. Lykilatriðið væri að verðmætasköpun fyrirtækisins byggðist á þekkingarauðlindum fremur en nýtingu náttúruauðlinda.

Við skulum láta athafnir fylgja orðum

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, sagði m.a. að öflug nýsköpun væri alger forsenda þess að við gætum byggt hér upp sterkt, kraftmikið og gott samfélag. Hún telur brýnt að stjórnvöld vinni á næstunni að því að tryggja að fyrirtæki geti vaxið hér á landi en fari ekki úr landi. Í fyrsta lagi þyrfti aðgengi að sérhæfðu og menntuðu starfsfólki, í öðru lagi nákvæmari hagtolur og í þriðja lagi að taka upp evru sem gjaldmiðil. Lokaorð iðnaðarráðherra voru: „Við skulum láta athafnir fylgja orðum – göngum samhent til þeirra verka sem framundan eru.“

Skortur á tölfræðigögnum

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, fjallaði og tölfræði tækni- og hug-

verkaíðnaðarins. Hann sagði mikinn skort á gögnum sem lýsa stöðu og þróun greinarinnar en það geri alla greiningu, markmiðssetningu og árangursmat erffitt. Mikilvægt sé að Hagstofunni verði gert kleift að safna nákvæmari upplýsingum um starfsemi fyrirtækja.

Vaxtarsprotar

Pétur Pétursson, stjórnarmaður í Mentor og Sigríður Valgeirsdóttir framkvæmdastjóri Roche Nimblegen á Íslandi, fóru yfir sögu fyrirtækjanna en bæði fyrirtæki hafa náð miklum árangri hér heima og erlendis.

Áhersluverkefni tækni- og hugverkagreina

Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður SSP gerði grein fyrir niðurstöðum stefnumótunar tækni- og hugverkagreina þar sem skilgreind voru áhersluverkefni til ársins 2016. Hún sagði nægt framboð af hæfu starfsfólki, fyrirmyndar starfsumhverfi og stoðkerfi, markvisst markaðsstarf og fjámögnunarmhverfi í fremstu röð vera meginforsendur til að ná þeim árangri sem að væri stefnt.

Ísland 2020

Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunar-sérfræðingur í forsætisráðuneytinu, gerði grein fyrir stefnumörkuninni Ísland 2020, framtíðarsýn sem varð til í samtölum og samvinnu hundruða Íslendinga um land allt. Markmið starfsins var að setja fram sýn sem með hlutlægum markmiðum stuðluðu að því að Íslendingar yrðu í

fararbroddi annarra þjóða í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum.

Sigurður Snævarr, efnahags- og atvinnuráðgjafi forsætisráðherra, tók síðastur framsögumanna til máls og fjallaði um tíu tillögur ráðherranefndar um margvíslegar úrbætur í atvinnumálum.

Nýsköpun lykillinn að framtíðinni

Orri Hauksson sleit Tækni – og hugverkapingi 2011 með því að færa fulltrúum stjórnmalaflokka níu blöðrum, eina fyrir hvert verkefni, með þeim orðum að þeim skyldi haldið á lofti með áframhaldandi samstarfi. Þá var öllum þátttakendum þingsins færð að gjöf lykklakippa sem pípir þegar flautað er á hana til áminningar um að týna ekki lyklinum – nýsköpun – að framtíðinni.

Ef vel er að verki staðið geta þær umbætur sem ræddar voru á Tækni- og hugverkapingi skilað því að tækni- og hugverkaíðnaður verði ein meginstoð hagvaxtar á Íslandi á komandi árum.

Tækni- og hugverkaping 2011 er hið fjórða í röð sambærilegra þinga sem haldin hafa verið annað hvert ár frá 2005. Þingið var haldið í tengslum við European SME Week 2011 í samstarfi Samtaka iðnaðarins, Hátækni- og sprotavettvangs, þingflokka stjórnmalaflokka, ráðuneyta iðnaðar, utanríkis, mennta- og fjármála, háskóla og aðila stoðkerfis og atvinnulífs.

Nálgast má gögn frá þinginu á www.si.is.




Íslenskur drykkur vinnur í alþjóðlegri drykkjarvöruheppni

Íslenski drykkurinn Aada frá My Secret vann í síðastliðnum mánuði í alþjóðlegu drykkjarvöruheppni Water Innovation Awards sem haldin var í Rio de Janeiro í Brasilíu. Í keppninni tóku þátt 80 aðilar frá 25 löndum og keppt var í 11 flokkum. Drykkurinn Aada frá My Secret var tilnefndur til verðlauna í fjórum flokkum en það mun vera í fyrsta sinn sem drykkur hlýtur svo margar tilnefningar í keppninn og bar sigur úr býtum í flokknum, **Drykkurinn með besta hráefnið.**

Risapokinn - ný lausn frá Gámaþjónustunni!

Gámaþjónustan býður upp á nýja lausn, risapokann, fyrir úrgang. Þar sem erfitt er að koma gámum við er Risapokinn góður valkostur. Pokinn hentar vel þeim sem standa í húsbreytingum, garðvinnu eða öðrum framkvæmdum. Um er að ræða tvær stærðir af pokum XL sem er 85x85/85 cm og XXL sem er 90x180/70 cm. Bíll með krana er notaður til að hirða pokana þegar þeir hafa verið fylltir. Í pokann má setja nánast allt nema spilliefni og lífrænan úrgang. Hægt er að panta pokana á www.risapokinn.is en til að byrja með verður eingöngu boðið upp á þessa þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.



Sigurðin, fráfarandi formaður og Sigurður, nýkjörinn formaður IGI

Ný stjórn IGI kosin

Á aðalfundi IGI – samtaka íslenskra tölvuleikjaframleiðenda sem haldinn var 28. september var kosinn ný stjórn. Nýr formaður er Sigurður Eggert Gunnarsson frá Gogogic en hann tekur við kyndlinum af Sigurðinu V. Ingvarsdóttur hjá CCP. Meðstjórnendur eru Helgi Már Bjarnason Fort North, Stefanía Halldórsdóttir CCP, Hilmar Ö. Egilsson Fancy Pant Global og Þorsteinn Baldur Friðriksson Plain Vanilla. Varamenn eru Ólafur Andri Ragnarsson Betware og Anna Katrín Ólafsdóttir CCP. Í ársskýrslu IGI kom fram að unnið hefur verið að fjölmörgum brýnum verkefnum, m.a. stendur nú yfir IGI awards tölvuleikjakeppnin sem haldin er í annað sinn og eru þátttakendur alls 30 í níu liðum. Stórt verkefni framundan er Nordic Game sem er samstarf milli Norðurlandanna sem hefur m.a. staðið fyrir Nordic Game ráðstefnu en hún fór fram í Malmö í maí.

Frumtak fjárfestir í DataMarket ehf.



DataMarket hjálpar fólki að finna og skilja töluleg gögn. Fyrirtækið hefur þróað og rekur gríðarmikið safn slíkra gagna frá tugum alþjóðlegra fyrirtækja og stofnanna, svo sem Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðabankanum, Eurostat og BP. Lausnir DataMarket gera notendum kleift að leita í, bera saman og skoða myndrænt gögn þessara aðila á einum stað. Auk þess veitir fyrirtækið bæði gagnaveitum og notendum gagna ýmiskonar þjónustu byggða á þessum sömu lausnum. Hjá félaginu starfar hópur sérfræðinga með mikla reynslu í upplýsingatækni og gagnavinnslu.

„DataMarket er spennandi fyrirtæki“ sagði dr. Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks. „Félagið hefur brotið blað í framsetningu gagna og aðgengi að gögnum á netinu. Lausnir félagsins eiga tvímælalaust erindi á heimsmarkað og það er ánægjuefni að Frumtak geti lagt félaginu lið við að styrkja alþjóðlegt markaðsstarf og nýta það tækniforskið sem félagið hefur“.

Frumtak er samlagssjóður í eigu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, sex af stærstu lífeyrissjóðum landsins og þriggja banka.



Ný stjórn Clean Tech Iceland

Á fyrsta aðalfundi CleanTech Iceland sem haldinn var í ágúst var farið yfir viðburðaríkt ár í starfsemi félagsins. Á félagaskrá CTI eru 14 fyrirtæki, þau starfa á ýmsum sviðum en eiga það sameiginlegt að vinna að þróun umhverfisvænna tæknilausna.

Á aðalfundinum var kjörin ný stjórn CleanTech Iceland. Formaður var kosinn KC Tran, Carbon Recycling International. Aðrir stjórnarmenn eru Ásbjörn Torfason, Vistvæn Orka, Eiríkur Sveinn Hrafnsson, Greencloud, Guðný Reimarsdóttir, Eco Nord og Ingvar Kristinsson, Fjölblendi. Varamenn eru Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka og Axel Gunnlaugsson, ReMake Electric.

Fráfarandi stjórn lagði fram tillögur um að áherslur næsta árs verði á fjármögnun fyrirtækjanna, markaðssetningu og erlent samstarf og á innri uppbyggingu félagsins. Fundarmenn tóku undir það og styðja nýja stjórn til góðra verka.

Boxið - framkvæmdakeppni framhaldsskólanna

Háskólinn í Reykjavík, Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra framhaldsskólanema standa fyrir framkvæmdakeppni framhaldsskólanna í Háskólanum í Reykjavík 5. nóvember. Markmiðið með keppninni, sem fengið hefur nafnið BOXIÐ, er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði.

Fjórátan skólar víðsvegar af landinu sendu lið í keppnina. Þau tóku þátt í forkeppni þar sem átta efstu liðin komust áfram. Það eru: Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Fjölbautarskólinn í Garðabæ, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn í Hamrahlið, Tækniskólinn, Menntaskólinn í Reykjavík, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Verslunarskóli Íslands, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Borgarholtskóli.

Hvert lið er skipað fimm einstaklingum. Keppnin felst í þrautabraut með nokkrum stöðvum og fara liðin á milli og leysa ólíkar þrautir á hverjum stað. Þrautirnar reyna bæði á hugvit og verklag.

Fyrirtæki úr ólíkum greinum iðnað-



arins, Betware, Ístak, Marel, Mentor, Promens, Ölgerðin, og Össur, útbjuggu þrautirnar í samstarfi við fræðimenn frá HR.

Margmiðlunarskólinn er stuðningsaðili framkvæmdakeppninnar. Nemendur

skólans munu sjá um að gera keppninni myndræn skil með upptökum, grafíkskri vinnu og vinnslu.

Háskólinn í Reykjavík er opin og keppnisdag Boxins og eru áhugasamir velkomnir að fylgjast með liðunum leysa þrautirnar.

Nánari upplýsingar um Boxið er að finna á www.boxid.ru.is



12% í svartri vinnu

Af 6.176 kennitölum starfsmanna á 2.136 vinnustöðum, sem starfsmenn átaks ríkisskattstjóra, ASÍ og SA heimsóttu, reyndust 737 þeirra, eða 12%, ekki vera á staðgreiðsluskrá, þ.e. stunda svarta vinnu.

Hjá meira en helmingi rekstraræðila varð vart frávíka frá rétttri framkvæmd og þurfti að gefa um fjórðungi þeirra leiðbeinandi tilmáli um tekjuskráningu.

Markmið átaksins, sem ber yfirskriftina „Leggur þú þitt af mörkuðum?“, var m.a. að hvetja æðila vinnumarkaðarins til að standa rétt að skattskilum. Sjá www.si.is

Eyjablikk og Litamálun bæstast í hóp vottaðra fyrirtækja



Eyjablikk ehf. og Litamálun eru komin í hóp þeirra fyrirtækja sem fengið hafa staðfestingu á að þau fullnægi kröfum D-vottunar í áfangaskiptri gæðavottun SI.

Eyjablikk ehf. var stofnað árið 1997 af Ísloft blikk- og stálsmiðju og hjónunum Stefáni Þ. Lúðvíkssyni og Andreu Elínu Atladóttur en hefur alfarið verið í eigu þeirra frá árslokum 2009.

Fyrirtækið er í 400 m² eigin húsnæði að Flötum 27 í Vestmannaeyjum og er allur aðbúnaður fyrir starfsmenn afar góður. Eyjablikk er alhliða blikk- og stálsmiðja sem þjónustar sjávarútvegsfyrirtæki, verktafa og einstaklinga. Verkefni eru fjölbreytt og má þar nefna loftfræstikerfi, einangrun og klæðningar á hita og



frystilögnum, flasningar, ryðfrí smíði, álsmíði, lagning kópárþaka, smíði á handriðum, færriböndum og körung fyrir sjávarútveginn.

Bjarni Þór Gústafsson löggiltur málara-meistari er eigandi Litamálunar ehf. Bjarni hefur starfað við málun í meira en 14 ár og býr því yfir víðtækri reynslu af öllu sem viðkemur málun og málningarvinnu. Litamálun er málningarþjónusta sem tekur að sér alla almenna málningarvinnu og sérverkefni í stórum og smáum byggingum, utanhúss og innan, hvort heldur er fyrir fyrirtæki eða einstaklinga. Litamálun veitir alla helstu ráðgjöf við litaval og samsetningar.

Nánari upplýsingar um áfangaskipta gæðavottun er að finna á www.gsi.is

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
10. töl. 17. árg. Október 2011
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 28.10.2011

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Plastpökkun: Bjarkarás

Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,

105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019

www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson

Ritstjóri: Raket Pálsdóttir

Prófarkalestur: Raket Pálsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmíðun er fjálst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í síkum tilvikum.

Dómur Hæstaréttar um fjármögnun- arleigusamninga ekki virtur

Hæstiréttur kvað 20. október upp þann dóm í máli Íslandsbanka gegn þrotabúi Kraftvéla-leigunnar að fjármögnunarleigusamningur væri í raun láns-samningur. Segir m.a. í dómsniðurstöðunni að þó að samningurinn væri nefndur fjármögnunarleigusamningur væri það heiti nafnið tómt. Gengistrygging samningsins hefði því verið í andstöðu við ákvæði vaxtalaga, sbr. fyrri dóma réttarins frá 16. júní 2010.

Dómur Hæstaréttar er skýr og afdráttarlaus

Lögmaður Lýsingar, sendi skiptastjóra þrotabús Kraftvéla-leigunnar bréf áður en málið var tekið fyrir þar sem því var lýst yfir að Lýsing myndi una dómnum þar sem fyrirtækið væri með sambærilega

samninga við Kraftvéla-leiguna og Íslandsbanki. Það vakti því furðu þegar Lýsing sendi frá sér yfirlýsingu eftir að dómur féll um að niðurstaða hans hefði ekki fordæmisgildi gagnvart fyrirtækinu þar sem samningur Íslandsbanka væri í veigamiklum atriðum frábrugðinn fjármögnunarleigusamningum Lýsingar og fyrirtækið myndi láta reyna sjálfstætt á kröfur sínar á hendur öðrum viðsemjendum.

Samtök iðnaðarins hafa lýst yfir mikilli óánægju með þetta en á annað hundrað félagsmenn samtakanna eru með samninga hjá Lýsingu sem þarf að endur-reikna vegna dómsins. Þær fjárhæðir sem eru undir hlaupa á milljörðum króna.

Samtök iðnaðarins hafa óskað sér-

staklega eftir því á grundvelli 80. gr. gjaldþrotalaga að fá bréf lögmanns Lýsingar afhent þar sem samtökin telja sig eiga lögvarða hagsmuna að gæta. Þá er þess einnig krafist að Lýsing virði afdráttarlaus niðurstöðu Hæstaréttar og hefjist nú þegar handa við að endur-reikna fjármögnunarleigusamninga í samræmi við dóm réttarins. Ennfremur hafa samtökin hvatt félagsmenn sína sem eru í viðskiptum við Lýsingu vegna fjármögnunarleigusamninga að haga greiðslum sínum til fyrirtækisins í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar.

Loks munu SI leita álits Fjármálaeftirlitsins á afstöðu Lýsingar til dóms Hæstaréttar.

Sýningin MATUR-inn á Akureyri

Sýningin MATUR-Inn var haldin í Íþróttahöllinni á Akureyri fyrstu helgina í október. Aðalmarkmið sýningarinnar er að kynna norðlenskan mat og matarmenningu. Á fjórða tug fyrirtækja kynntu starfsemi sína, jafnt stórir sem smáir matvælaframleiðendur og fyrirtæki í veitingastarfsemi. Félagmenn SI voru í stóru hlutverki á sýningunni, þ.á.m. Norðlenska matborðið, Kjarnafæði, MS Akureyri, Brauðgerð Kr. Jónssonar & co kynnti heilkornsbrauð úti fyrir sýningarhöllinni og laðaði gesti að en talið er að hátt í 15.000 manns hafi sótt sýninguna heim þessa tvo daga. Að sýningunni standa félagið Matur úr Eyjafirði, Matarkistan Skagafjörður og Þingeyska matarbúrið. Auk þeirra koma ýmsir styrktaraðilar að verkefninu s.s. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Samtök iðnaðarins, búnaðarfélag og búgreinasamtök. Við lok sýningarinnar voru veitt frumkvöðlaverðlaun félagsins Matur úr Eyjafirði. MS Akureyri hlaut verðlaunin fyrir vörubrúun, markaðsstarf og nýsköpun í hollustuvörum úr osta- og skyrmysu. Samtök iðnaðarins óska starfsfólki MS Akureyri hjartanlega til hamingju með viðurkenninguna.



Brauðgerð
Kr. Jónssonar
& co kynnti
heilkornsbrauð



Norðlenska
kynnti tvíreykt
hangikjöt



Nýja kaffibrennslan
kynnti Rúbínkaffi



MS Akureyri kynnti ýmislegt góðgæti



Kjarnafæði
kynnti
pepperónimauk



Matís kynnti skyr með
para og aðalbláberjum